

Vísindasióður Landspítala – Matsblað verkefnaumsókna 2020

Umsækjandi:
Verkefni:

Einkunnaskali:	1	2	3	4	Gefið einkunn á skalanum 1-4 (0,5 leyfilegt)
Gæði umsóknar: Lýsing á stöðu þekkingar, heimildaskrá, aðferðalýsing, framkvæmda- og tímaáætlanir, verkaskipting, kostnaðaráætlun.	Illu unnin umsókn, ekki er nægilega vísað til helstu rannsókna á sviðinu og erfitt að sjá samhengi milli stöðu þekkingar og verkefnis. <u>Og/eða:</u> Aðferðalýsing ónóg, framkvæmda- og/eða tímaáætlun ekki trúverðug, lýsing á verkaskiptingu ónóg og kostnaðaráætlun óskýr. Meginhlutinn frekar illa unnin.	Fremur yfirborðskennd umsókn. Umsækjandi vísar til helstu rannsókna á sviðinu en tengsl þeirra við fyrirhugaða rannsókn eru fremur óljós. <u>Og/eða:</u> Eitt eða fleira af eftirfarandi ónógt, ótrúverðugt, eða vantar: Aðferðalýsing, framkvæmda- og tímaáætlun, skilgreindar vörður, verkaskipting, kostnaðaráætlun.	Umsókn er góð. Umsækjandi hefur góða þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir vel við fyrirhugaða rannsókn. Aðferðalýsing er góð, verkaskipting rannsókna skýr, framkvæmda- og tímaáætlun í samræmi við markmið og með skýrum vel skilgreindum vörðum. Kostnaðaráætlun er skýr.	Umsókn er áberandi vel gerð. Umsækjandi sýnir að hann hefur yfirgripsmikla þekkingu á kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir þá þekkingu við fyrirhugaða rannsókn á sannfærandi hátt. Aðferðalýsing, framkvæmda- og tímaáætlun, vörður, verkaskipting og kostnaðaráætlun er allt einstaklega vel unnið og skýrt.	Vægi 40%
Vísindalegt gildi verkefnis og nýnæmi: Rannsóknarspurning, markmið rannsókna, gæði og stærð rannsóknarefnið (tölfræðilegt afl)	Óljóst eða ófrumlegt verkefni með takmarkað vísindalegt gildi sem bætir litlu við núverandi þekkingu. <u>Og/eða:</u> Rannsóknarspurning er óljós eða illa grunduð, markmið illa afmörkuð eða vantar, gæði og stærð rannsóknarefnið óljóst eða ónógt, tölfræðilegt afl óljóst og ekki rætt.	Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar en hefur lítið nýnæmi. <u>Og/eða:</u> Rannsóknarspurning og/eða markmið skiljanleg en ekki fullhugsuð, gæði og stærð rannsóknarefnið virðast nægileg og fjallað um tölfræðilegt afl. Ólíklegt að rannsóknin og niðurstöður hennar leiði til birtingar í góðum alþjóðlegum fagfagritum.	Frumleg rannsókn með nýnæmi. Rannsóknarspurning og markmið skýr, gæði rannsóknarefnið góður og tölfræðilegt afl nægilegt til að svara rannsóknarspurningum með nægri vissu til birtingar í góðu alþjóðlegu fagfagritum.	Frumleg rannsókn með miklu nýnæmi sem er afar líkleg til að leiða til birtingar í virtu alþjóðlegu fagfagritum. Rannsóknarspurning og markmið skýr, gæði rannsóknarefnið góður og engin vafi að tölfræðilegt afl verði nægt til að svara rannsóknarspurningum á sannfærandi hátt.	Vægi 40%
Vísindatengdur árangur umsækjenda: Aðalumsækjandi: Reynsla og árangur í vísindum á fræðasviði verkefnisins og í að stjórna vísindaverkefnum. Meðumsækjendur: Reynsla og árangur í vísindum á fræðasviði verkefnis.	Aðalumsækjandi hefur tiltölulega litla vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins og fáar birtingar í góðum alþjóðlegum fagfagritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (færri en 5).	Aðalumsækjandi hefur vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins en fáar birtingar í góðum alþjóðlegum fagfagritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (færri en 5), en einn eða fleiri meðumsækjendur hafa góða vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins og hafa birtingar í góðum erlendum fagfagritum.	Aðalumsækjandi hefur góða vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins, reynslu í að stjórna vísindaverkefnum, með góðan ritalista og yfir 5 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í góðum alþjóðlegum fagfagritum. Einn eða fleiri meðumsækjendur hafa góða vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins og hafa birtingar í góðum erlendum fagfagritum.	Aðalumsækjandi er virtur vísindamaður á fræðasviði verkefnisins og er með ritalista sem inniheldur margar birtingar í alþjóðlegum virtum fagfagritum og yfir 10 birtingar þar sem fyrsti eða síðasti höfundur. Einn eða fleiri meðumsækjendur hafa góða vísindalega reynslu á fræðasviðinu og eru með birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í góðum alþjóðlegum fagfagritum.	Vægi 20%

Lokaeinkunn:

Vinsamlegast gerið grein fyrir helstu kostum/göllum umsóknar (hámark 200 orð):